

V. Tillaga til 410. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. desember 2017

Tillaga 998. fundar bæjarráðs frá 11. desember sl., að áskorun til Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna innleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins um persónuvernd (GDPR).

8. Ný persónuverndarlöggjöf 2018 - 2017050126

Umræður um innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um persónuvernd (GDPR).

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi tillögu:

"Í maí 2018 er áætlað að ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) taki gildi á Íslandi þegar reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd leysir af hólmi núgildandi Evrópulög. Öll sveitarfélög þurfa fylgja nýjum lögum sem hafa í för með sér umtalsverðar breytingar frá núverandi löggjöf.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar skorar á Samband íslenskra sveitarfélaga að standa að innleiðingunni með sveitarfélögunum svo að vinnubrögð verði sambærileg og samræmis sé gætt á meðferð persónuupplýsinga meðal sveitarfélaga, til að tryggja gagnsæi og rétt íbúa landsins. Hægt væri að gera þetta m.a. með því að

- útbúa fyrirmyndir að öllum vinnsluskrám, sem gera má ráð fyrir að verði að mestu leyti eins hjá öllum sveitarfélögum vegna þeirra verkefna sem þau sinna,*
- útbúa fyrirmyndir að vinnslusamningum,*
- útbúa fyrirmynd að upplýstu samþykki, ákveða orðalag, afturköllun samþykkis og í hvaða tilvikum þarf upplýst samþykki*
- samræma vinnubrögð opinberra skjalasafna."*